

Steingrímur J. Sigfússon
efnahags – og viðskiptaráðherra
Skuggasundi 3
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2012

Tilvísun: G.2010.

Efni: Rökstutt álit endurskoðendaráðs skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur um niðurfellingu endurskoðunarréttinda B.

Með bréfi endurskoðendaráðs dagsettu 2. september 2010 var B gert að sæta gæðaeftirliti vegna endurskoðunarverkefna ársins 2009. Eftirlitsmenn framkvæmdu eftirlit hjá honum þann 8. desember 2010. Í apríl 2011 voru niðurstöður eftirlits sendar endurskoðendaráði. Fjallað er um niðurstöður eftirlits hjá endurskoðandanum í skoðunarskýrslu dagsettri 19. janúar 2011. Endurskoðendaráð gaf honum kost á að gera athugasemdir við niðurstöðu eftirlitsins með bréfi dagsettu 23. júní 2011 (fskj. 1). Engar athugasemdir bárust frá honum. Með bréfi dagsettu 9. desember 2011 (fskj. 2) tilkynnti endurskoðendaráð endurskoðandanum að ráðið hygðist með rökstuddu álit í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 leggja til við ráðherra að réttindi hans til endurskoðunar yrðu felld niður. Í bréfi ráðsins komu fram þær röksemdir sem það telur að liggi því til grundvallar að að svipta beri umræddan endurskoðanda réttindum sínum. Engin skrifleg svör bárust en þann 4. janúar sl. kom endurskoðandinn að máli við formann ráðsins og innti eftir því hvort ljúka mætti umræddu máli á annan hátt en með rökstuddu álit um sviptingu réttinda. Málið var tekið til meðferðar á fundi ráðsins í dag. Er það mat endurskoðendaráðs að ekki hafi verið settar fram af hálfu umrædds endurskoðanda neinar þær rökstuddar mótbáru er gæfu tilefni til vægari viðurlaga skv. lögum nr. 79/2008 við þeim brotum sem lýst er í skoðunarskýrslu. Þá telur ráðið með vísan til 1. mgr. 24. gr. laganna að ekki sé heimild að lögum til að heimila innlögn réttinda þar sem um er að ræða verulega annmarka hjá viðkomandi aðila. Hefur ráðið tilkynnt honum þessa niðurstöðu með bréfi dagsettu í dag (fskj. 3).

Í skýrslu skoðunarmanna kemur fram að skoðað var hvernig endurskoðandinn framkvæmdi endurskoðun ársreiknings A fyrir árið 2009 en hann staðfesti með fyrirvaralausri áritun sinni ársreikning félagsins þann 21. apríl 2010. Í skýrslu skoðunarmanna kemur fram að endurskoðandinn sinnti endurskoðun og áritaði ársreikning félagsins án þess að fyrir hafi legið nein þeirra gagna og skjala sem áskilið er í lögum nr. 79/2008 og samkvæmt góðri endurskoðunarvenju, sbr. bráðbirgðaákvæði II laga nr. 79/2008 að endurskoðandi afli og skrasetji. Með hliðsjón af niðurstöðu gæðaeftirlitsins hefur endurskoðendaráð, skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008, sett fram eftirfarandi:

Rökstutt álit

Gæðaeftirlit hefur það að markmiði að ganga úr skugga um að endurskoðendur hlíti ákvæðum laga nr. 79/2008 í starfi sínu sbr. 15. gr. og 22 gr. laganna. Gæðaeftirlit 2010 skiptist í þrjá megin hluta. Fyrsti hluti snýr að því kanna hvort endurskoðendur uppfylli skilyrði í II. kafla laganna um réttindi endurskoðenda. Annar hluti fjallar um athugun á því hvort tekið hafi verið

upp gæðakerfi sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna eða að tekin hafi verið skref í þá átt að taka upp slíkt kerfi. Þriðji hluti gæðaeftirlitsins beinist að því hvort endurskoðendur fari að bráðabirgðaákvæði II í lögum um endurskoðendum sem kveður á um að endurskoðendur skuli endurskoða í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt fyrrgreindu ákvæði er með góðri endurskoðunarvenju átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) út gefnar af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að. Góð endurskoðunarvenja kemur einnig fram í handbók sem Félag löggiltra endurskoðenda hefur gefið út til leiðbeiningar um endurskoðunarferilinn, en í handbókinni er vísað til alþjóðlegra staðla og þar með var mótuð sú stefna að félagsmenn Félags löggiltra endurskoðenda fylgi alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum við endurskoðun reikningsskila.

Ekki voru gerðar alvarlegar athugasemdir við fyrsta og annan hluta gæðaeftirlitsins.

Þriðji hluti gæðaeftirlitsins sneri að könnun á því hvort endurskoðandinn hefði við endurskoðun farið að góðri endurskoðunarvenju við framkvæmd endurskoðunar eins og hún er skilgreind í bráðabirgðaákvæði II með lögum um endurskoðendur. Til þess að ganga úr skugga um það var valið eitt endurskoðunarverkefni til skoðunar. Í niðurstöðu gæðaeftirlitsskýrslunnar segir um þennan hluta gæðaeftirlitsins:

Endurskoðandinn hafi ekki skrásett neitt hvað varðar skipulag, framkvæmd og niðurstöðu endurskoðunar. Ekki var til staðar mat á viðskiptavini, óhæði endurskoðanda, ráðningabréf, skráning á innra eftirliti og eftirlitsumhverfi, endurskoðunaráætlun, endurskoðunarfyrirmæli, niðurstöður á framkvæmd einstakra endurskoðunaraðgerða né skráning á heildarmati endurskoðunar, þar á meðal mat á framsetningu og heild ársreiknings. Engar skýringar voru með ársreikningum. Ekki var sent staðfestingarbréf stjórnenda og engar lokagreiningar skrásettar.

Um var að ræða verkefni þar sem efnahagsliðir höfðu verið staðfestir en engir aðrir vinnupappírar voru til staðar og því ekki hægt að sannreyna að endurskoðun hafi verið framkvæmd.

Gæðaeftirlitsskýrslan gefur eindregið til kynna að endurskoðandinn hafi gerst brotlegur við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 79/2008 þar sem hann reyndist ekki hafa framkvæmt endurskoðun í samræmi við góða endurskoðunarvenju eins og hún er skilgreind í ákvæðinu. Fram kemur í skýrslu skoðunarmanna að skjölun er svo ábótavant í því verkefni sem kom til skoðunar að ekki er hægt að sannreyna að endurskoðun hafi í reynd verið framkvæmd.

Um er að ræða ítrekað gæðaeftirlit. Niðurstaða gæðaeftirlits 2009 vegna verkefna ársins 2008 sýndi að endurskoðandinn fór ekki að leiðbeiningum í gæðahandbók endurskoðenda við framkvæmd endurskoðunar. Fékk hann ítarlegar ábendingar og athugasemdir skoðunarmanna þar að lútandi og voru honum auk þess kynntar niðurstöður gæðaeftirlitsins í bréfi endurskoðendaráðs dags. 31. maí 2010. Honum var veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. laga nr. 37/1993 um stjórnslu. Engin viðbrögð bárust við því bréfi. Vegna þeirra annmarka

sem fram höfðu komið var honum tilkynnt með bréfi dags. 2. september 2010 að endurskoðunarverkefni sem hann bæri ábyrgð á kæmu til gæðaeftirlits haustið 2010.

Ekki verður séð að hann hafi í neinu brugðist við niðurstöðum gæðaeftirlits 2009 þar sem við endurtekið eftirlit haustið 2010 vegna endurskoðunarverkefna hans á árinu 2009 komu fram verulegir annmarkar á framkvæmd endurskoðunar. Nánar tiltekið var um að ræða eftirfarandi annmarka er fólust í að ekki var fylgt eftirfarandi ákvæðum laga nr. 79/2008 og góðri endurskoðunarvenju, skv. 9. gr., sbr. II bráðabirgðaákvæði laga nr. 79/2008:

- Meta skal óhæði endurskoðanda. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 79/2008 skal endurskoðandi eigi framkvæmda endurskoðun ef einhver þau tengsl eru milli hans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila. Einnig er kveðið á um að meta skuli óhæði í ISA 315.
- Meta skal viðskiptavin. Í ISA 315er mælt fyrir um að áður en viðskiptavinur er samþykktur skuli endurskoðandi meta hann. Engin gögn eru um að slíkt mat hafi farið fram við framkvæmd þess verkefnis sem kom til skoðunar.
- Ráðningabréf skal liggja fyrir. Samkvæmt ISA 210 skal liggja fyrir ráðningabréf sem uppfyllir ISA 210. Ekkert slíkt ráðningabréf lá fyrir í því verkefni sem kom til skoðunar.
- Skrásetja skal skipulag, framkvæmd og niðurstöðu endurskoðunar, sbr. ISA 230. Engin gögn lágu fyrir um slíka skráningu.
- Meta skal innra eftirlit og eftirlitsumhverfi og skrá áhrif þess á endurskoðunina. Samkvæmt ISA 315 og ISA 300 skal endurskoðandi við skipulagningu endurskoðunar, afla sér upplýsinga og skrá þekkingu sína á viðskiptavini og umhverfi hans, m.a. upplýsingum um innra eftirlit. Engin gögn liggja fyrir er benda til að slík skrásetning hafi farið fram vegna þess verkefnis sem kom til skoðunar.
- Gera skal endurskoðunaráætlun. Samkvæmt ISA 300, gr. skal endurskoðandi setja fram endurskoðunaráætlun og skal hún vera skjalfest. Engin slík áætlun hefur verið sett fram vegna þess verkefnis sem kom til skoðunar.
- Endurskoðunarfyrirmæli. Samkvæmt ISA 300 skal endurskoðandi gera endurskoðunarfyrirmæli og skal skjalfesta slík fyrirmæli. Engin slík skjölun liggur fyrir í því verkefni sem kom til skoðunar.
- Skrásetja skal niðurstöður á framkvæmd einstakra endurskoðunaraðgerða og skrá heildarmat endurskoðunar, þar á meðal mat á framsetningu og heild ársreiknings. Engin gögn fundust um slíka skráningu.
- Með ársreikningum skulu vera skýringar sbr. 3. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Samkvæmt ISA 330 skal endurskoðandi yfirfara ársreikning og leggja mat á að framsetning hans og skýringar séu í samræmi við settar reikningsskilareglur. Engar slíkar skýringar liggja fyrir í því verkefni sem kom til skoðunar.

- Afla skal staðfestingarbréfs frá stjórnendum. Samkvæmt ISA 580 skal kalla eftir staðfestingarbréfi stjórnenda sem skal vera í samræmi við leiðbeiningar staðalsins. Ekkert slíkt bréf var fyrir hendi í því verkefni sem kom til skoðunar.
- Skrásetja skal niðurstöðu endurskoðunar. Samkvæmt ISA 230 skal endurskoðandi skrásetja niðurstöðu endurskoðunar með þeim hætti að annar endurskoðandi með sem engin tengsl hefur við verkefnið geti séð að fylgt hafi verið lögum og reglum við endurskoðunina. Engin slík gögn liggja fyrir í því verkefni sem kom til skoðunar.

Framangreind háttsemi endurskoðandans telur ráðið að hafi brotið gegn eftirfarandi ákvæðum laga nr 79/2008:

- 1. mgr. 8. gr. sem kveður á um að endurskoðandi skuli rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum laga og reglna sem um störf hans gilda.
- 9. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði II, sem mæla fyrir um að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við þá góðu endurskoðunarvenju er fram kemur í leiðbeinandi reglum um endurskoðun, þ.e. alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA).
- 11. gr. laga nr. 79/2008 kveður á um að áritun endurskoðanda skuli vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Við áritun umrædds endurskoðanda á þann ársreikning sem kom til skoðunar við gæðaeftirlitið var ekki gætt þessa ákvæðis.

Það er mat endurskoðendaráðs að umræddur endurskoðandi hafi með fyrrgreindri vanrækslu í störfum sínum brotið með svo alvarlegum hætti gegn lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, að ekki verði við unað. Endurskoðendaráð leggur því til í samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laganna að réttindi B til að starfa sem endurskoðandi verði felld niður.

Endurskoðendaráð

(sign)

Fylgiskjöl:

Bréf endurskoðendaráðs til B:

- 1) Andmælabréf dags. 23. júní 2011
- 2) Tilkytning um rökstutt álit, dags. 9. desember 2011.
- 3) Tilkytning um ákvörðun um rökstutt álit, dags. 12. janúar 2012.